



Bæjarráð Hafnarfjarðar og bæjarstjóri.  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Hafnarfjörður 4. nóvember 2024.

**Efni: Viljayfirlýsing um nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar.**

Golfklúbburinn Keilir óskar eftir því við bæjarráð Hafnarfjarðar að gerð verði viljayfirlýsing á milli Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Keilis um þróun, framkvæmd og rekstur á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar.

Endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar stendur nú yfir. Golfklúbburinn Keilir hefur frá aldamótum lagt til að í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ verði lagður grunnur að nýjum 27 holu golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar.

Í núgildandi aðalskipulagi var í samráði við Golfklúbbinn Keili gert ráð fyrir svæði fyrir nýjan golfvöll. Golfklúbburinn Keilir hefur á undanfönum árum lagt fram hugmyndir um hvernig megi sameina fjölbreytta útvistarhópa í þágu náttúru og útvistar sem er skipulagt ásamt golfvelli. Golfvellir geta gagnast mörgu öðru útvistarfólk en einungis kylfingum.

Golfíþróttin er ein fjölmennasta almenningsíþrótt landsins og stuðlar að bættri heilsu og félagslegri tengingu iöknda, ekki síst þeirra sem komnir eru á efri ár. Um 4.500 manns eru á biðlistum golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu og óvist er um framtíð Setbergsvallar í Garðabæ þar sem fjöldi Hafnfirðinga stundar golf.

Golfklúbburinn Keilir rekur mjög öflugt og metnaðarfullt barna- og ungingastarf ásamt almennu félagsstarfi meðlima. Félagsmenn Keilis eru um 1850 og er biðlisti um inngöngu sem lengist á hverju ári.

Golfklúbburinn Keilir hefur yfir að ráða tækjum og þekkingu á öllu sem varðar umsjón, uppbyggingu og rekstur golfvalla. Nýr golfvöllur krefst mikillar skipulagsvinnu og góðs undirbúnings sem Golfklúbburinn Keilir hefur reynslu af eftir áratuga uppbyggingu á núverandi velli, sem talinn er einn sá besti á landinu. Keilir hefur verið í fararbroddi golfklúbba á vettvangi umhverfismála og haft umhverfisvottun frá GEO frá árinu 2014.

Að því sögðu er það ósk stjórnar Golfklúbbsins Keilis að bæjarráð samþykki erindið og hlökkum við til áframhaldandi farsæls samstarfs.

Virðingarfallst f.h. stjórnar Golfklúbbsins Keilis.

Ólafur Þór Ágústsson

Ólafur Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri

Guðmundur Örn Óskarsson

Guðmundur Örn Óskarsson, formaður